

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 143/1184*  
*komudagur 3.3.2014*

Framkvæmdastjórn Samfylkingarinnar – jafnaðarmannaflokks Íslands hefur fjallað um frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, með síðari breytingum (sameiginlegur listi fyrir Reykjavíkurborg) og vill koma eftirfarandi atriðum á framfæri í umfjöllun stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis um málið:

1. Breytingin er greinilega til þess ætluð að einfalda og bæta viðmót stjórnmalahreyfinga sem bjóða fram til Alþingis í höfuðborginni gagnvart kjósendum. Ekki er gerð athugasemd við það og ljóst að það fyrirkomulag að bjóða fram einn lista í Reykjavík hefur ýmsa kosti í för með sér fyrir stjórnmalaflokkana.
2. Færa má rök fyrir því að skipting höfuðborgarinnar í Reykjavíkurborg Norður og Suður hafi ekki fest sig í sessi, m.a. vegna þess að margar stjórnmalahreyfingar efna enn til vals á einn framboðslista fyrir alþingiskosningar.
3. Verði af þessari breytingu þarf að kynna hana rækilega og búa þannig um hnútana að framkvæmd hennar sé hnökralaus.
4. Vert er að benda á að við þessa breytingu mundi ójafnvægi í kjósendafjölda á bak við hvern þingmann innan kjördæma aukast enn meira en nú er orðið. Í þessu sambandi má benda á að við síðustu breytingar á kjördæmaskipan – fækkun kjördæma úr 8 í 6 – var lagt til grundvallar að draga úr þessu misvægi kjördæmanna.
5. Framkvæmdastjórn Samfylkingarinnar – jafnaðarmannaflokks Íslands áréttar þá stefnu flokksins að jafna vægi atkvæða á öllu landinu og stefna að því að gera Ísland að einu kjördæmi.

Virðingarfyllt,

Þórunn Sveinbjarnardóttir,

Framkvæmdastýra Samfylkingarinnar – jafnaðarmannaflokks Íslands.

